LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Steingrímur J. Sigfússon
Atvinnuvega og nýsköpunarráðherra

29. október 2012

Á síðasta ári hófust tilraunaveiðar smábáta á síld í Breiðafirði. Veiðarnar voru stundaðar af fimm bátum sem gerðir voru út frá Stykkishólmi. Skemmst er frá því að segja að veiðarnar gengu framar vonum og gáfu skýr skilaboð um að þær yrðu stundaðar af enn meiri krafti nú í ár.

Samvinna milli veiða og vinnslu var til fyrirmyndar. Agustson í Stykkishólmi gaf sjómönnum upplýsingar um hvernig best yrði staðið að meðhöndlun síldarinnar þannig að hægt yrði að markaðssetja sem hágæða vöru. Svörun markaðarins var jákvæð bæði fyrir heilfrystri stórri síld (demantssíld) og flökum af millisíld. Fyrirtækið Agustson ákvað að fjárfesta í tækjabúnaði til að svara eftirspurninni og vera um leið tilbúið að taka við síld frá fleiri bátum. Tekið skal fram að auk Agustson, hafa Fiskkaup, Frostfiskur, Sjávariðjan og Stormur Seafood komið að umræddum veiðum.

Niðurstaða óformlegrar könnunar í lok síðustu vertíðar benti til að 15 bátar mundu stunda veiðarnar á vertíðinni sem nú er hafin. LS kom að þessu máli með því að vera tengiliður við ráðuneytið um fyrirkomulag veiðanna m.a. hvort auka ætti vikulegt hámarksmagn hvers báts. Í samvinnu við Snæfell (félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi), vinnsluaðila og ANR var ákveðið að auka magnið úr 5 tonnum í 8 tonn.

Nú er svo komið að 41 bátur hefur fengið leyfi til síldveiða í lagnet og 27 af þeim hafa hafið veiðar og landað alls 302 tonnum. Að sögn sjómanna hafa veiðarnar gengið vel og því áríðandi að ekkert rof komi í þær.

Þar sem langt er komið með úthlutun á þeim 500 tonnum sem reglugerð gerir ráð fyrir til þessara veiða óskar Landssamband smábátaeigenda eftir annarri úthlutun svo ekki komi til stöðvunar á veiðunum.

Á þessari stundu er ekki hægt að segja til um hve lengi veiðarnar standa og hversu mikið aflamagn þarf til þeirra. Það er aftur á móti deginum ljósara að jákvæð áhrif þeirra eru gríðarleg. Þær eru umhverfisvænar, afla hágæðahráefnis, skapa fjölda starfa til sjós og lands (við vinnslu í landi hafa skapast 15 störf hjá Agustson og 60 á sjó auk þjónustustarfa), nýting hafnarmannvirkja og síðast en ekki síst létta lund sem einkennir veiðarnar þegar menn koma silfraðir í land. Öll er síldin seld á dýra markaði sem er forsenda þess að greitt er 85 kr/kg sem er yfir tvöfalt hærra en greitt er fyrir síld hjá nótabátunum.

Virðingarfyllst Örn Pálsson
framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is